

# Skólanámskrá Tónlistarskólans í Grafarvogi

**2011 - 2012**



Tónlistarskólinn  
í Grafarvogi

Hverafold 5  
112 Reykjavík  
Sími: 567-6680  
Netfang: [sarna@simnet.is](mailto:sarna@simnet.is)  
Veffang: [www.tongraf.is](http://www.tongraf.is)

## **Formáli**

Skólanámskrá Tónlistarskólans í Grafarvogi er starfsáætlun skólans og er nánari útfærsla á Aðalnámskrá tónlistarskóla. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs. Reynt er að taka á flestu sem lýtur að skiplagi náms og kennslu og gefa sem besta heildarsýn yfir skólastarfið.

Reykjavík, september 2011  
Skólastjóri

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur .....	3
Tónlistarskólinn í Grafarvogi .....	3
Hlutverk og markmið skólans .....	4
Meginmarkmið skólans eru þrjú.....	4
Innritun, skólagjöld og námsfyrirkomulag.....	6
Umsóknir.....	6
Gjaldskrá 2011 til 2012 .....	6
Prófagjald vegna áfangaprófa.....	7
Leigugjald vegna hljóðfæra fyrir árið.....	7
Hljóðfæri .....	7
Til foreldra .....	8
Skólareglur.....	9
Forföll .....	9
Mætingar .....	9
Umgengni .....	9
Hreinlæti.....	9
Tónleikahald.....	10
Tónleikar .....	10
Tónfundir .....	10
Samspil.....	10
Hljóðfæranám og námskröfur .....	11
Forskólinn.....	11
Tónfræði .....	11
Námsmat og mat á skólastarfi .....	12
Stigspróf/áfangapróf .....	12
Vorpróf.....	12
Starfsfólk skólans .....	13

## Inngangur

Skólanámskránni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um það nám sem í boði er við skólann. Tekið er mið af stefnumörkun og meginmarkmiðum Aðalnámskrár tónlistarskóla. Kennt er eftir námskrám útgefnum af Menntamálaráðuneytinu. Lögð er áhersla á faglega, fjölbreytta og metnaðarfulla tónlistarkennslu fyrir börn og ungmenni.

Almennur áhugi á tónlist er mikill og foreldrar gera sér vel grein fyrir mikilvægi þessa náms í uppeldi barna sinna. Fátt þroskar börn eins mikið og alhliða tónlistarmenntun. Tónlistarnám þroskar vitsmuni og tilfinningar, kennir öguð vinnubrögð og mótar fegurðarskyn.

### *Tónlistarskólinn í Grafarvogi*

Tónlistarskólinn var stofnaður haustið 1991 af Sigríði Árnadóttur tónmenntakennara og Wilmu Young, fiðlukennara. Kennsla hófst í einum sal við Hverafold og einnig var kennt í grunnskólum í hverfinu. Í dag starfar skólinn í eigin húsnæði að Hverafold 5, en kennsla fer einnig fram í þremur grunnskólum í hverfinu þ.e. Rimaskóla, Húsaskóla og Foldaskóla. Átta kennslustofur eru í húsnæði skólans og hljóðfæra- og tækjakostur góður. Fjórtán kennarar starfa við skólann. Skólastjóri er Sigríður Árnadóttir. Deildarstjóri píanódeildar er Hafdís Kristinsdóttir. Um 200 nemendur stunda nám við skólann á öllum námsstigum.

Starfstími skólans er 35 vikur, eða frá byrjun september og fram í lok maí. Kennarar mæta til ýmissa starfa og vinnufunda í síðustu viku ágúst. Kennsla haustið 2011 hófst 6. september og kennt er til 20. maí 2012. Þá taka við vinnudagar kennara, útskrift nemenda og skólaslit.

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 12:30 til 16:30. Skólaritari er Ásta Schiöth. Viðtalstími við skólastjóra er eftir samkomulagi. Heimasíða skólans er: [www.tongraf.is](http://www.tongraf.is). Skólinn er einnig með facebook síðu. Þar eru settar inn myndir og upptökur af tónleikum.

## Hlutverk og markmið skólans

Tónlistarskólinn í Grafarvogi starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Í almennum hluta námskrárinnar segir um hlutverk tónlistarskóla:

- stuðla að aukinni hæfni nemanda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á svið hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina.
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum.
- undirbúa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram.
- stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn

***Meginmarkmið skólans eru þríþætt:***

1. *Uppeldisleg markmið* - stuðla að auknum tilfinningaþroska nemendans, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.
2. *Leikni og skilnings markmið* - stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu.
3. *Samfélagsleg markmið* - sem stuðla einkum að þáttöku í fjölbreyttri mennta og menningarstarfsemi.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að:

- Halda uppi kennslu í sem flestum greinum tónlistar eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.
- Búa nemendur fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.

- Leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með ýmiskonar samleik.
- Gefa nemendum tækifæri á að koma sem oftast fram bæði innan skólans sem utan.
- Þjóða upp á fjölbreytt val um hljóðfæri og kennsluhætti og veita svigrúm til tilrauna og nýjunga. Notkun upplýsingatækni er virkur þáttur í námi og starfi tónlistarskólans.
- Búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.

Skólanum ber að taka tillit til mismunandi áhugasviða, getu og þroska nemana sinna. Tónlistarskólar gegna fjölbreyttu hlutverki í samfélaginu og skylda þeirra er að stuðla að öfluggu tónlistarlífi, jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklingsins. Kennsluaðferðir og viðfangsefni þurfa því að vera sveiganleg og fjölbreytni í skólastarfi er nauðsynleg. Reynt er eftir bestu getu að taka mið af aðstæðum í samfélaginu og starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um *skóla án aðgreiningar*.

## Innritun, skólagjöld og námsfyrirkomulag

### *Umsóknir*

Allar umsóknir um skólavist fara í gegnum rafræna Reykjavík. (<http://rafraen.reykjavik.is>). Nýir nemendur eru teknir inn í mars og apríl og í ágúst. Umsóknir fyrir eldri nemendur sem ætla að halda áfram námi eiga að berast fyrir lok apríl.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á. Þurfi hinsvegar að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum heimilt að beita tímabundnum hæfnisprófum.

### *Gjaldskrá 2011 til 2012*

#### Fullt hljóðfæranám

Kr. 119.000. Einstaklingstímar 2 x 30 mínútur á viku .

Tónfræði 50 mín. á viku.

Hljómsveit eða samspil eftir því sem við á.

#### Hálft nám

Kr. 71.500. Einstaklingstími 1 x 30 mínútur. Tónfræðitími 50 mín. á viku.

Eingöngu ætlað grunnstignemendum.

#### 66% nám

Kr. 88.000. Styttri tímar eingöngu fyrir yngstu börnin ( 2 x 20 mín) eða einn einkatími 20 mínútur og lítill hópur.

#### Forskóli

Kr. 63.000. Kennt er 2 x 50 mín á viku.

Kennt er í litlum hópum.

Ath! 10% systkinaafsláttur er veittur af öðru og þriðja barni.

Skólagjöld eru innheimt þrisvar á ári. Staðfestingargjald er innheimt að vori og dregst það frá skólagjöldum næsta árs. Ef nemandinn nýtir ekki plássíð er staðfestingargjaldið óafturkræft. Nemandi sem hættir á miðri önn greiðir út önnina.

### ***Prófagjald vegna áfangaprófa***

Grunnpróf	6.350 kr.
Miðpróf	9.450 kr.
Framhaldspróf	12.650 kr.
Framhaldsprófstónleikar	21.850 kr.

### ***Leigugjald vegna hljóðfæra fyrir árið***

fiðlur	18.000.-
selló	20.000.-
þverflauta	18.000.-
gítar	10.000.-
harmóníka	20.000.-

## **Hljóðfæri**

Nemendur þurfa að öllu jöfnu að útvega sér hljóðfæri sjálfir. Skólinn á þó töluvert safn hljóðfæra í undirstærðum. Hljóðfæri sem er leigð út eru fiðlur, selló, gítar, harmoníkur og þverflautur.

Ætlast er til að nemendur í píanónámi hafi aðgang að píanó. Huga þarf vel að ástandi hljóðfærisins og stillingu.

Nemendum sem hafa hljóðfæri á leigu hjá ber að fara vel með þau. Bannað er að lána hljóðfærin. Viðhald hljóðfæris á lánstíma og skemmdir eru á ábyrgð nemandans/foreldra. Hljóðfæri í útleigu eru ekki tryggð af hálfu skólans. Við ráðleggjum forseldrum eindregið að tryggja dýrari hljóðfærin.

Forráðamenn bera fulla ábyrgð á þeim hljóðfærum sem þeir hafa á leigu.

Bækur vegna námsins eru ekki innifaldar í skólagjöldum og verður því að gera ráð fyrir svolitlum útgjöldum til nótnakaupa á hverju ári, enda er gott að nemendur eignist svolítið nótnasafn þegar frá líður.

## Til foreldra

Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins. Foreldrar/forráðamenn þurfa að sýna náminu áhuga og fylgjast með framvindu þess.

Hljóðfæranám byggist að mestu leyti á reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangurinn rýr.

Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða ekki fyrir ónæði. Ungum nemendum þarf að hjálpa til að skipuleggja æfingátímann sinn. Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur. Þeir yngstu amk. 20 mínútur á dag og þeir sem lengra eru komnir klst. eða meira. Æfingin skapar meistarann.

Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt. Ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni. Eðlilegt er að áhugi nemandans sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandinn sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldri leyti orsaka og lausna. Stundum er nóg að nemandi skipti um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný. Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Foreldrafundir verða haldnir í mars, en almennt eru kennarar í góðu sambandi við foreldra og eru þeir hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir.

# Skólareglur

## ***Forföll***

Ef nemandi forfallast ber honum að hafa samband við skrifstofuna og láta vita. Að gefnu tilefni þarf að taka fram að ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki mætt í tíma getur skólinn ekki bætt þá upp

Ef kennari veikist og tími fellur niður er reynt að ná sambandi við heimili nemandans til að koma í veg fyrir óþarfa ferð. Ekki er skylt að bæta upp einstaka kennslustundir sem falla niður vegna veikinda kennara. Sé kennari forfallaður í hálfan mánuð samfleytt útvegar skólinn annan kennara eða bætir upp þær kennslustundir sem hafa tapast.

## ***Mætingar***

Nemenda ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Fjarvistir skulu tilkynntar viðkomandi kennara eða skrifstofu. Síendurteknar fjarvistir án leyfis geta varðað brottvikningu úr skólanum. Að gefnu tilefni eru foreldrar beðnir að senda börn sín ekki veik í tíma.

## ***Umgengni***

Nemendur skulu ganga vel um húsnæði og eigur skólans, fara úr skóm í anddyri og hengja yfirhafnir á snaga í kennslustofum.

## ***Hreinlæti***

Nemendur skulu ávallt gæta hreinlætis, vera með hreinar hendur og vel snyrtar neglur.

## Tónleikahald

### *Tónleikar*

Tónleikahald við skólann er öflugt og mikið lagt upp úr því að gefa nemendum sem flest tækifæri til að koma fram. Opinberir tónleikar skólans eru haldnir fyrir jóla og að vori í Grafarvogskirkju. Oftast eru fernir tónleikar þessa tónleikadaga, þ.e. jóla- og vortónleikadaga. Stór hluti nemenda skólans kemur fram við þau tækifæri. Síðasta laugardag í febrúarmánuði, á Degi tónlistarskólanna eru einnig stórir tónleikar í Grafarvogskirkju. Þeir tónleikar tengjast „Nótunni“ sem er uppskeruhátíð tónlistarskólanna á landinu. Eldri nemendur hafa einnig komið fram á tónleikum „Unglistar“, listahátíðar ungs fólks í Reykjavík.

### *Tónfundir*

Tónfundir eða minni tónleikar eru haldnir eftir þörfum allan veturinn innan skólans eða í húsnæði grunnskóla. Flestir nemendur koma fram tvisvar á ári, ýmist á tónleikum, við messur eða önnur tækifæri. Stefnt er að því eftir bestu getu að sem flestir fái að spreyta sig.

Til þess að nemandi geti komið fram á tónleikum, skiptir máli að hann vinni vel að undirbúningi og sé tilbúinn með þau verk sem hann er að æfa. Mælst er til þess að nemendur séu snyrtilegir og mæti tímanlega fyrir tónleika.

Tónlistarnámið felur einnig í sér að ala upp hlustendur og skiptir því hegðun á tónleikum miklu máli. Nemendur eru búnir að leggja mikla vinnu í undirbúning og þurfa mikla einbeitingu. Sýna þar nemendum tillitsemi og er allur umgangur og truflun afar óæskileg.

### *Samspil*

Hljómsveitir og kammerhópar hafa verið starfræktir við skólann. Í strengjasveit skólans eru eldri nemendur þ.e. nemendur í mið- og framhaldsnámi. Kammerhópar eru fyrir börn á öllum aldursstigum. Harmóníkusveit og hamóníkukvintett skólans eru í samstarfi við Tónskóla Eddu Borg, en sveitin samanstendur af nemendum úr þessum tveimur skólum. Einnig hafa kennarar verið duglegir við að þjálfa upp samspilsatriði sem flutt eru á tónleikum. Þetta starf er mjög mikilvægt fyrir nemendurna og hefur mikið að segja í tónlistaruppeldi. Skapandi starf er hluti af náminu jafnt í hljóðfæratímum sem og tónfræðitímum.

## Hljóðfæranám og námskröfur

Hljóðfæri sem kennt er á eru píanó, harmóníka, gítar, fiðla, víóla, selló og þverflauta. Fjölbreytni getur aukist ef eftirspurn er næg.

Nemendur eru teknir inn í hljóðfæranám að loknum forskóla eða ca. 8 ára gamlir. Hægt er að byrja fyrr ef nemandinn sýnir óvenjumikinn þroska og hæfileika. Strengjanemendur eru oft teknir inn yngri.

Eftir því sem nemandinn nær auknu valdi á nótnalestri opnast möguleikar á ýmiskonar samspili. Það er sérstaklega mikilvægt að nemandinn fái að kynnast öðrum hljóðfærum og þessum félagslega þætti námsins.

### ***Forskólinn***

Forskólinn er ætlaður 5 til 8 ára gömlum börnum. Námið er undirbúningur fyrir frekara tónlistarnám. Reynt er að glæða hugmyndaauðgi, sköpunarmátt, einbeitingu og félagsþroska nemandans, jafnframt því að kenna undirstöðuatriði í tónlist og þjálfra músikalska færni hans.

Í tímum er sungið, kennt á ýmiskonar ásláttarhljóðfæri og blokkflautu. Hreyfing, hlustun, sköpun, hryn- og nótnalestur er einnig kenndur. Einnig ýmis tákni og hugtök. Tilfinning fyrir rythma, laglínustefnu og ýmsum blæbrigðum er þjálfuð. Tilgangurinn með forskólakennslunni er að veita börnunum innsýn inn í heim tónlistarinnar og almenna undirstöðu undir hljóðfæranám ásamt því að glæða áhuga þeirra fyrir tónlist.

### ***Tónfræði***

Í Aðalnámsskrá Tónlistarskóla (1996) eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðigreinar skilgreind sem *samheiti fyrir ýmsar greinar svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn, tónlistarsögu, formfræði og kontrapunkt*. Í grunn- og miðáfanganám tónfræðináms er ekki gert ráð fyrir hefðbundinni greinaskiptingu, heldur samþættu námi þar sem inntak fyrrnefndra greina fléttast með ýmsum hætti saman við margvíslega virkniþætti svo sem hljóðfæraleik, söng, hreyfingu, lestur, skráningu, hlustun, greiningu og sköpun.

Nemendur þreyta áfangapróf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum.

## Námsmat og mat á skólastarfi

Megin tilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja til sjálfsmats. Tónlistarskólinn framkvæmir reglulega innra mat á starfi sínu. Meta þarf alla þætti námsins svo sem skilning, þekkingu, leikni og framfarir og þarf þetta að gefa glögga mynd af námi og kennslu í skólanum.

Tónlistarskólinn setur sér reglur um námsframvindu og námsárangur í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og viðmiðum í Aðalnámskrá.

### *Stigspróf/áfangapróf*

Tónlistarskólinn er aðili að prófanefnd tónlistarskóla.

Í Aðalnámskrá Tónlistarskóla er mælt fyrir að nemendur ljúki áfangaprófum. Áfangaprófunum er ætlað að tryggja ákveðna festu aðhald og lágmarkskröfur í náminu. Hljóðfæranámi er skipt niður í þrjú stig. Það er grunnstig, miðstig og framhaldsstig.

Í grunnnáminu er miðað við að nemandi sem byrjar átta til níu ára gamall geti lokið því á þremur til fjórum árum. Gera má ráð fyrir að eldri nemendur fari hraðar yfir. Eðlilegt er að nemendur ljúki hverjum áfanga á þremur til fjórum árum.

Menntamálaráðuneytið gefur út námsskrár fyrir einstök hljóðfæri þar sem fram koma viðmiðunarverkefni fyrir einstök stig. Stigsprófin eru flest tekin í mars eða í byrjun maí en þau má einnig taka á öðrum árstíma. Þegar nemandi lýkur stigsprófi fær hann sérstakt skírteini sem er afhent við skólaslit.

Hliðargreinarnar tónfræði og tónheyrn eru hluti af stigsprófinu og þarf að ljúka prófi í þessum greinum til að stigsprófið sé fullgilt.

### *Vorpróf*

Vorpróf eru tekin á hverju vori áður en skóla lýkur og er miðað við að nemandi leiki tvö verk og tónstiga. Forskólanemendur taka ekki formleg próf, en kennari skilar umsögn um hvern nemanda að loknum vetri. Einnig eru tekin vorpróf í tónfræði og er þá prófað í munnlegri og skriflegri tónheyrn, hlustun og greiningu auk tónfræðilegra þekkingaratriða.

## Starfsfólk skólans

Ásta Schiöth, skólaritari

Árni Guðjónsson, tónfræði, hljómfræði og tónlistarsaga

Eyjólfur Alfreðsson, fiðla og víóla

Eva Þyrí Hilmarsdóttir, píanó

Galina Akbacheva, píanó

Grétar Kristinsson, gítar

Guðmundur Hallvarðsson, gítar

Guðmundur Samúelsson, harmóníka

Hafdís Kristinsdóttir, píanó, deildarstjóri píanódeildar

Hrafnhildur Steinarsdóttir, píanó

Ilka Petrova Benkova, þverflauta, píanó

Katalin Lörincz, píanó og meðleikur

Rakel María Axelsdóttir, forskóli og tónfræði

Sigríður Árnadóttir, skólastjóri

Victoria Tarevskaia, selló